

Sp. 21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um rannsókn á áhrifum markaðshyggju ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar.

Flm.: Svavar Gestsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að kjósa níu manna þingmannanefnd til að kanna afleiðingarnar af þeirri óheftu markaðs- og gróðahyggju sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur byggt stefnu sína á. Ljóst er að markaðshyggjan — auðhyggjan — hefur sett svip sinn á allt þjóðfélagið í sívaxandi mæli. Ekki aðeins verslunarálagningu og vaxtaokkur, heldur hefur stefnan einnig komið fram í öllu lífi fjölskyldnanna, lélegum kaupmætti launa, byggðaröskun og landflótta, öryggisleysi í skólakerfinu og vannýtingu heilbrigðisstofnana langtímum saman.

Nefndin skal einkum beita sér að því að fá svar við eftirfarandi spurningum:

1. Hve mörg nauðungaruppboð á fbúðarhúsnæði fólks hafa farið fram á tímabilinu frá 1. jan. 1984 til þess dags er nefndin lýkur störfum?
2. Hve mörg bú hafa verið lýst gjaldþrota eftir 1. jan. 1984 og þar til nefndin lýkur störfum?
3. Hve mörg rúm á sjúkra- og öldrunarstofnunum hafa verið ónotuð og hve lengi vegna skorts á starfslíði?
4. Hve lengi hafa barnaheimili eða einstakar deildir þeirra lokast vegna skorts á starfslíði? Hvaða barnaheimili eru það og hve mörgum börnum hefur verið úthýst vegna skorts á starfslíði?
5. Hverju nemur á föstu verðlagi niðurskurður til
 - a. menningarmála,
 - b. Framkvæmdasjóðs fatlaðra,
 - c. framkvæmda í heilbrigðismálum, allt frá 1983 til fjárlaga eins og þau verða samþykkt fyrir árið 1987?
6. Hverju nemur hækkun vaxta á tímabilinu?
7. Hverjir hafa einkum aukið eignir sínar á undanförunum árum að mati nefndarinnar?
8. Hver hefur orðið byggðaröskun í landinu frá árinu 1983?
9. Hve margir eru brottfluttir frá Íslandi umfram aðflutta árin 1984, 1985 og 1986?
10. Hve mörgum frystihúsum hefur verið lokað frá 1983 og hver eru þau?
11. Hverju nema skuldir sjávarútvegsfyrirtækja — sundurliðað eftir greinum?
12. Hve margir opinberir starfsmenn hafa sagt upp störfum, hve langan tíma (sjúkraliðar eru nefndir sem dæmi)?
13. Hvernig hefur kaupmáttur kauptaxta þróast frá janúar 1983 til janúar 1986 og frá janúar 1983 til desember 1986?
14. Hvernig hefur vinnutími þróast á tímabilinu?

Í starfi sínu skal nefndin enn fremur rannsaka aðra þætti sem hún telur óhjákvæmilegt að athuga sérstaklega. Nefndin skal starfa svo hratt að hún geti skilað álitum í tæka tíð fyrir næstu alþingiskosningar.

Alþingi greiðir kostnað af störfum nefndarinnar.

Greinargerð.

Markaðshyggjan var hafin til valda á Íslandi með ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Markaðshyggjan er ævagömul kennisetning sem var hafnað af meiri hluta þjóðanna um áratugaskeið. Þegar þrengdi að með olúkreppunni miklu risu hægrileiðtogar upp og heimtuðu afturhvarf til fortíðarinnar þar sem arðrán manns á manni var hafið til vegs en manneskjulegum sjónarmiðum var vikið til hliðar. Sjálfstæðisflokkurinn kynnti þessa stefnu fyrir kosningarnar 1979 undir nafninu „leiftursókn“. Þeirri stefnu var hafnað þá í kosningunum meðal annars af minni hluta Sjálfstæðisflokksins sem eftir kosningarnar gekk til liðs við Alþýðubandalagið um að verja þjóðina fyrir leiftursókninni. Í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens tókst ekki að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Fyrst og fremst vegna þess að framsóknarráðherrarnir sáu aldrei annað ráð gegn verðbólgunni en að lækka kaupið. Þeirri leið hafnaði Alþýðubandalagið. Eftir kosningarnar 1983 fékk Framsóknarflokkurinn fjóra ráðherrastóla gegn því að hann framkvæmdi þá leiftursókn sem hann hafði hafnað 1979. Þá hélt markaðshyggjan innreið sína í allt íslenskt þjóðlíf á kostnað mannlegra verðmæta.

Markaðshyggjan skilur víða eftir sig sporin: Hún hefur farið eldi um eigur fólksins og framleiðslufyrirtækjanna en flutt fjármuni til viðskipta og milliliða af margvíslegu tagi. Fjármagnið hefur átt að vera „frjálst“, en frelsi fjármagnsins hefur í för með sér ánaud meiri hlutans og hneppir þúsundir manna í vonlaust skuldafangelsi.

Afleiðingarnar birtast okkur í nauðungaruppboðum, gjaldþrotum, stöðvun fyrirtækja í framleiðslu, samdrætti í fjárfestingu iðnaðar á þessu ári, byggðaröskun og fólksflóttu úr landi. Ástæðurnar eru ekki þær að ráðherrarnir séu illa innrættir, sumir þeirra segjast meira að segja vera vinir litla mannsins. Ástæðurnar eru miklu frekar þær að ráðherrarnir og stjórnarflokkarnir eru fangar kredduþjónarmiða sem hafna félagslegu frumkvæði. Það sést hvort sem litið er á launafólkið eða afstöðu til atvinnulífsins: Ríkisstjórnin hefur hafnað félagslegum ráðstöfunum til þess að koma til móts við fólkið og hún hefur af sömu kredduástæðum ekki viljað beita ríkinu í þágu atvinnuuppbyggingar í landinu. Einu afrek hennar eru að selja fyrirtæki ríkisins á gjafverði í hendur einkaaðila.

Margt bendir nú til þess að söguskeið markaðshyggjunnar geti senn verið á enda hér á landi. Það gefst tækifæri til þess í næstu kosningum að stöðva markaðshyggjuna og snúa öfugþróuninni við og hefja nýja sókn í þágu manneskjulegra sjónarmiða þar sem manngildi verður sett ofar auðgildi. Engu síður er nauðsynlegt að fyrir liggja rækileg úttekt á afleiðingum stjórnarstefnunnar áður en til kosninga kemur. Þess vegna er þessi tillaga flutt og lagt til að rannsókninni verði lokið fyrir næstu alþingiskosningar.